

**S A M Þ Y K K T****um sorphreinsun í Neskaupstað.****1. gr.**

Neskaupstaður sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði bæjarins. Fer hún fram undir yfirstjórn tæknideildar kaupstaðarins og með umsjón heilbrigðisnefndar.

**2. gr.**

Sorp skal sett í sérstaka poka, sem sveitarfélagið afhendir, en aðrar gerðir poka má ekki nota. Undir pokana skal nota sérstaka grind, sem smíðuð er fyrir pokana. Skal grindin vera fristandandi eða henni komið fyrir í sorpskáp. Grindinni skal komið svo fyrir að sorppokinn hangi 2—5 cm yfir jörðu, gólfi eða skápbotni. Lok skal vera yfir grindinni.

**3. gr.**

Húseigendur bera allan kostnað af uppsetningu og viðhaldi sorpgrinda. Hafa skal greiðfæran stíg að sorpgrind, ca. 90 cm breiðan.

**4. gr.**

Við hvert hús skal vera a. m. k. ein grind fyrir hvert heimili, en að öðru leyti miðast fjöldi grinda við það, að sorppokar yfirfyllist ekki milli tæminga.

**5. gr.**

Ef nauðsyn krefur t. d. vegna stórhátiðar eða ef vænta má stöðvunar á sorphreinsun, þá geta húseigendur fengið aukapoka eftir þörfum í áhaldahúsi bæjarins.

**6. gr.**

Sorphreinsun fer fram á virkum dögum, þó ekki eftir kl. 22.

**7. gr.**

Sorphreinsun skal framkvæmd aðra hverja viku, en þó ekki sjaldnar en 40 sinnum á ári.

**8. gr.**

Í sorppoka má setja allt venjulegt heimilissorp þó ekki meira en 25 kg í hvern poka. Ekki má setja glóð, heita ösku, mold, mól, grjót, mykju og byggingarsorp (timbur, múrsteinar) í sorppoka.

**9. gr.**

Pakka skal inn í pappír eða plast glerbrotum, oddhvössum eða beittum hlutum og blautu sorpi, áður en slíkt er sett í sorppoka. Bannað er að setja eldfima vökva t. d. bensín eða olíu í sorpílát, hvort sem er í umbúðum eða án þeirra.

**10. gr.**

Ekki má setja meira sorp í pokana en svo, að auðveldlega megi loka þeim eða hafa lok yfir sorpgrindinni. Fyllsta hreinlætis skal gætt umhverfis sorppokana.

**11. gr.**

Mold, mól, grjót eða svipuð efni, skulu flutt á afmarkað svæði samkvæmt nánari fyrirmælum bæjarstjórnar. Sama gildir um bíllræ og brotajárn. Þangað er bannað

að flytja pappír, plast eða eyðanlegt sorp. Bannað er að aðgreina og flytja brott úrgang frá slíku svæði.

## 12. gr.

Bannað er að urða oliuleifar og önnur efni, sem mengað geta jarðveg og einnig er bannað að kasta slíkum efnum í sjóinn. Skal þeim brennt eða eytt á annan hátt eftir því sem kostur er á, og skal slík eyðing fara fram undir eftirliti heilbrigðisnefndar og starfsmanna bæjarins.

## 13. gr.

Fyrirferðamiklum en brennanlegum úrgangi, svo sem umbúðum og því um líku, skulu forsvarsmenn heimila og atvinnurekstrar koma á sorphreinsunarbíl, þegar hreinsun fer fram eða í sorphaugastað skv. nánari fyrirætlum bæjarstjórnar.

## 14. gr.

Kostnaður við almenna sorphreinsun og sorpeyðingu greiðist úr bæjarsjóði. Bæjarstjórn er heimilt að innheimta sérstakt sorphreinsunargjald, skv. nánari ákvörðun, og skal það innheimt með fasteignagjöldum hvers árs.

## 15. gr.

Kvörtunum vegna sorphreinsunar skal koma skriflega til bæjarstjórnar.

## 16. gr.

Hugsanleg vafaatriði varðandi fjölda grinda (sorppoka) úrskurðar heilbrigðisnefnd.

## 17. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggí við að lögum. Með brot á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

## 18. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. júní 1974.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**

*Jón Inqimarsson.*

## MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ,

### verkefni, skipulag og starfsreglur.

Með skírskotun til 7. gr., sbr. 11. gr., laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Ísland, er auglýsing nr. 79/1971, um menntamálaráðuneytið, skipulag þess og starfsreglur, hér með breytt á þann veg, að á eftir G-deild (greiðslu- og bókhaldsdeild) komi nýr kafli:

#### H-deild.

(Verk- og tæknimenntunardeild):

#### Deildarstjóri:

Stefán Ólafur Jónsson.